



cutting through complexity™

Reykjavíkurborg

Endurskoðunarskýrsla

Apríl 2015





KPMG ehf.
Endurskoðunarsvið
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: 545 6000
Fax: 545 6001

Reykjavík, 28. apríl 2015

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar
Sóley Tómasdóttir, forseti bæjarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur,
101 Reykjavík
kt. 520269-7609

Endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2014 er lokið að öðru leyti en því að við munum ganga frá áritun okkar á ársreikninginn samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu í borgarstjórn.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar dagsettu 5. nóvember 2014. Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla borgarstjóra og borgarstjórnar uppfylli kröfur laga. Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunarskýrslunni er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur. Þessar upplýsingar ætti ekki að nota í neinum öðrum tilgangi.

Skýrsla þessi er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn og veitir ekki viðbótarálit á ársreikningnum. Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur er skylt sem endurskoðendur í því skyni að koma auga á og upplýsa um atriði sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á. Við höfum jafnframt komið ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til borgarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu.

Við viljum þakka fyrir samvinnuna á meðan á endurskoðuninni stóð.

Við treystum því að þessar upplýsingar séu í samræmi við kröfur ykkar og munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Auðunn Guðjónsson
endurskoðandi

Guðný Helga Guðmundsdóttir
endurskoðandi

Afrit:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Frekari upplýsingar í tengslum við skýrslu þessa veita:

Auðunn Guðjónsson
Partner
agudjonsson@kpmg.is

Guðný Helga Guðmundsdóttir
Partner
ghgudmundsdottir@kpmg.is

| Reykjavíkurborg | Bls. | | Bls. |
|--|------|--|------|
| 1. Megin niðurstöður | | 5.4 Skammtímakröfur | 20 |
| 1.1 Helstu niðurstöður | 3 | 5.5 Lífeyrisskuldbinding | 21 |
| 2. Um endurskoðun ársins 2014 | | 5.6 Skuldir og aðrar skuldbindingar | 22 |
| 2.1 Framkvæmd endurskoðunarinnar | 4 | 5.7 Önnur mál | 25 |
| 2.2 Innra eftirlit og upplýsingakerfi | 6 | 6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun | |
| 2.3 Stjórnarsýsluskoðun | 7 | 6.1 Heildareignir | 26 |
| 3. Fjárhagsáætlun og rauntölur | | 6.2 Eiginfjárlutfall | 27 |
| 3.1 Rekstur í samanburði við fjárhagsáætlun | 8 | 6.3 Heildarskuldir og skuldbindingar | 28 |
| 3.2 Fjárfesting í samanburði við fjárfestingaráætlun | 9 | 6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið | 29 |
| 4. Ársreikningur sveitarfélagsins | | 6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili | 31 |
| 4.1 Rekstrarreikningur ársins 2014 | 11 | 6.6 Framlegðarlutfall | 32 |
| 4.2 Efnahagsreikningur 31. desember 2014 | 12 | 7. Önnur atriði | |
| 4.3 Sjóðstreymisyfirlit árið 2014 | 14 | 7.1 Rekstur A hluta stofnana á árinu 2014 | 33 |
| 5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir | | 7.2 Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2014 | 34 |
| 5.1 Almennt | 15 | 7.3 Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2015-2019 | 43 |
| 5.2 Breytingar á samstæðu | 16 | 8. Staðfestingar | |
| 5.3 Fastafjármunir | 17 | 8.1 Staðfestingar og önnur atriði | 44 |

| Atriði | Helstu niðurstöður | Nánari umfjöllun |
|---|---|------------------|
| A og B hluti Rekstur og fjárhagsstaða sveitarfélagsins | <ul style="list-style-type: none"> • Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var jákvæð um 11.106 millj. kr., en niðurstaða A hluta var neikvæð um 2.831 millj. kr. • Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 26.236 millj. kr., en 4.502 millj. kr. í A hluta samkvæmt sjóðstreymisfirliti. • Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 287.145 millj. kr. í árslok 2014 og hafa hækkað um 813 millj. kr. frá árslokum 2013. • Veltufjárlutfall A og B hluta var 0,93 í árslok 2014, en 1,31 í A hluta. Eiginfjárlutfall A og B hluta var 43% en A hluta 58%. | Bls. 11 - 14 |
| A hluti | <ul style="list-style-type: none"> • Eins og fram kemur í skýringu 28 í ársreikningi var mismunur tekna og gjalda Aðalsjóðs neikvæður um 7.123 millj. kr. Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 4.105 millj. kr. og rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs jákvæð um 188 millj. kr. | Bls. 33 |
| B hluti | <ul style="list-style-type: none"> • Afkoma allra B hluta fyrirtækja, nema Jörundar ehf. var jákvæð á árinu 2014, en þjónustutekjum og rekstrarframlögum er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði hvers B hluta fyrirtækis. | Bls. 34 - 42 |
| Fjárhagsleg viðmið | <ul style="list-style-type: none"> • Skuldahlutfall A og B hluta (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) nam 216% í árslok 2014, en þetta hlutfall var 221% í árslok 2013. Skuldaviðmið er skilgreint í reglugerð nr. 502/2012 og nam það 80% í árslok 2014 fyrir A og B hluta. Til viðmiðunar skulu sveitarfélög samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarka skuldir A og B hluta við 150% af reglulegum tekjum. • Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins 2012-2014 var jákvæður um 10.694 millj. kr. og rekstrarjöfnuður A hluta var jákvæður um 295 millj. kr. Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins verður jákvæður á komandi árum gangi áætlanir eftir. | Bls. 29 - 32 |
| Innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnáætlun | <ul style="list-style-type: none"> • Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins er varðar innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til borgarstjóra og endurskoðunarnefndar í sérstökum skýrslum þar sem settar eru fram ítarlegar ábendingar sem tengjast vinnu okkar. • Stjórnendur sveitarfélagsins hafa mótttekið ábendingar okkar og hafa lýst áformum sínum um viðbrögð við þeim. Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2015. | Bls. 6 - 7 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | <ul style="list-style-type: none"> • Fyrirliggjandi ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 er lagður fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu þann 28. apríl 2015. Munum við árita hann samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu fyrirvaralausri áritun komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar. | Bls. 5 |

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós

Ábyrgð stjórnenda felst í því að ársreikningurinn sé í samræmi við lög um ársreikninga

2.1.1. Almenn

- Ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við sveitastjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga.
- Ársreikningar B hluta fyrirtækja eru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga, en tvö B hluta fyrirtæki þ.e. Félagsbústaðir hf. og Orkuveita Reykjavíkur gera ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

2.1.2 Framkvæmd endurskoðunarinnar

- Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.
- Endurskoðun ársreikningsins felur meðal annars í sér greiningu á hinum ýmsu liðum rekstrarreikningsins, samanburði við fjárhagsáætlun og ársreikning fyrri árs. Við yfirferð efnahagsreikningsins hefur tilvist eigna og eignarhald verið kannað.
- Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldsgögnum og bókhaldskerfum að því marki sem við töldum nauðsynlegt í tengslum við endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits.
- Við höfum einnig kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.

- Stjórnendur sveitarfélagsins munu við áritun okkar undirrita sérstakt staðfestingarbref þess efnis að þeir staðfesta ábyrgð sína á því að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Sú ábyrgð felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

2.1.3 Umfang endurskoðunar

- Til B hluta fyrirtækja teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum.
- Fyrritæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:
 - Orkuveita Reykjavíkur
 - Félagsbústaðir hf.
 - Faxaflóahafnir sf.
 - Malbikunarstöðin Höfði hf.
 - Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
 - Sorpa bs.
 - Strætó bs.
 - Aflvaki hf.
 - Jörundur ehf.
 - Íþróttá- og sýningahöllin hf.
- Umfang aðkomu að B hluta fyrirtækjum í tengslum við endurskoðun ársreiknings sveitarfélagsins er ákvarðað á grundvelli fjárhagslegs mikilvægis og áhættu sem tengist B hluta fyrirtækinu. Aðkoma okkar tekur einnig mið af því hvort B hluta fyrirtækið sé endurskoðað af KPMG eða öðrum. Ársreikningar ofangreindra félaga fyrir árið 2014 eru allir endurskoðaðir af KPMG fyrir utan ársreikning Íþróttá- og sýningahallarinnar hf.

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós

Ábyrgð stjórnenda felst í því að ársreikningurinn sé í samræmi við lög um ársreikninga

2.1.4 Mikilvægismörk í endurskoðun

- Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarkna er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægismörk eru ákvörðuð í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.
- Við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 höfum við ákvarðað mikilvægismörkin 2.000 millj. kr. sem er um 1,5% af áætluðum heildartekjum A og B hluta. Við veljum endurskoðunaraðferðir sem miða að því að finna skekkju við lægri mörk en það eða um 1.500 millj. kr. Við lækkum síðan þessi mörk enn frekar gagnvart einstökum liðum ársreiknings, stofnunum eða fyrirtækjum.
- Við skipulagningu á endurskoðun og ákvörðun á endurskoðunar-nálgun beitum við mikilvægismörkunum. Einnig notum við mikilvægismörkin til að leggja mat á mismuni sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningsskilin í heild sinni.
- Mismunir sem upp komu við endurskoðunina og hafa ekki verið leiðréttir hafa ekki veruleg áhrif á reikningsskilin. Stjórnendur hafa einnig staðfest við okkur að samkvæmt þeirra mati hafi óleiðréttir mismunir ekki veruleg áhrif á ársreikninginn í heild sinni.

2.1.5 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar

- Hjá Reykjavíkurborg er starfrækt innri endurskoðun sem sinnir mikilvægu hlutverki að okkar mati. Við skipulagningu endurskoðunar og áhættumat okkar höfum við kynnt okkur störf innri endurskoðunar og helstu skýrslur sem gefnar hafa verið út.

2.1.6 Áritun á ársreikning Reykjavíkurborgar

- Fyrirliggjandi ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 er lagður fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu þann 28. apríl 2015. Munum við árita hann samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu fyrirvaralausri áritun komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.
- Áritun án fyrirvara er hefðbundin og felur í sér það álit okkar að ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga.
- Ársreikningar B hluta fyrirtækja fyrir árið 2014, að undanskildum ársreikningi Jörundar ehf., hafa verið afgreiddir af stjórnun viðkomandi fyrirtækja og áritaðir af óháðum endurskoðanda með fyrirvaralausum áritunum. Ársreikningur Jörundar ehf. hefur óveruleg áhrif á ársreikning Reykjavíkurborgar.



Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

2.2.1. Innra eftirlit og fjárhagskerfi

- Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2014 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóstist tjón af villum, mistökum eða misnotkun. Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins.
- Endurskoðun okkar felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

2.2.2. Niðurstöður varðandi innra eftirlit

- Eitt mikilvægasta atriði innra eftirlits er viðeigandi verkaskipting og aðgreining starfa. Með aðgreiningu starfa næst fram mikilvægt eftirlit þannig að minni hættu er á mistökum eða misferli. Mikilvægur þáttur í innra eftirliti er að starfsmenn sem samþykkja útgjöld hafi ekki bókunaraðgang að fjárhagsbókhaldi.
- Hjá sveitarfélaginu er tiltekin aðgreining starfa, en að okkar mati má gera enn betur. Leggjum við til að núverandi aðgangur að fjárhagsbókhaldi sveitarfélagsins verði endurskoðaður og yfirfarinn og aðgangi lokað á þá aðila sem heimild hafa til að stofna til útgjalda. Mikilvægt er að eftirlutverk hvers og eins sé skýrt og heimildir til aðgerða í upplýsingakerfum endurspegli hlutverk hvers aðila. Góður skilningur á eftirlitshlutverkum er nauðsynlegur þannig að sú aðgreining starfa sem til staðar er nýtist sem best.

2.2.3. Niðurstöður varðandi upplýsingakerfi

- Við skoðun á upplýsingakerfum sveitarfélagsins og atriðum sem því tengjast kom í ljós að mikilvægt er að styrkja einstök atriði, einkum er varðar skilgreiningu aðgangsheimilda og réttindi einstakra starfsmanna og þjónustuaðila til aðgerða í kerfunum. Aðgangsheimildir eru notaðar til að stýra heimildum til tiltekinnna aðgerða í kerfum þannig að hann sé í samræmi við starfssvið hvers notanda og endurspegli viðeigandi aðskilnað starfa.
- Við rýni á ISO 27001 öryggisvottun sveitarfélagsins kom í ljós að fjárhagskerfið Agresso og Oracle launakerfið er ekki hluti af umfangi ISO vottunarinnar. Ráðlagt er að allur rekstur upplýsingatækniþerfa falli undir umfang ISO vottunar.

2.2.4. Innra eftirlit og upplýsingakerfi, almennt

- Við viljum taka fram að samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess höfum við komið ábendingum til borgarstjóra og endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Athugasemdir og ábendingar hafa verið ræddar við stjórnendur sem hafa lýst fyrir okkur áformum sínum um vinnu við úrbætur.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2015.

Endurskoðendur komi á framfæri tillögum að úrbótum er varða stjórnsýslu

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

Við tökum undir ábendingar innri endurskoðunar

2.3.1 Stjórnsýsluskoðun

- Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“
- Var í því sambandi kannað hvort borgarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktar er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

2.3.2 Niðurstöður, frh.

- Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til borgarstjóra og endurskoðunarnefndar í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa mótttekið ábendingar okkar og hafa lýst áformum sínum um viðbrögð við þeim. Við munum fylgja ábendingum okkar eftir við skoðun vegna ársins 2015.
- Það er okkar mat að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar inni af hendi mikilvægt starf og tökum við undir þær ábendingar sem innri endurskoðun hefur komið á framfæri. Við hvetjum til þess að hraðar verði unnið að þeim úrbótum sem innri endurskoðun hefur lagt til, einkum í skýrslum um mat á eftirlitsumhverfi.

2.3.2 Niðurstöður, frh.

- Við viljum benda borgarstjórn á að samkvæmt sveitarstjórnarlögum er óheimilt að víkja frá fjárhagsáætlun sveitarfélags nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina og á það bæði við áætlun A hluta og B hluta. Sé tekin ákvörðun um að stofna til útgjalda eða um aðrar fjárhagslegar ráðstafanir umfram áður samþykktar heimildir í fjárhagsáætlun er mikilvægt að samhliða þeirri ákvörðun sé gerður viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við ákvörðunina. Í viðauka skal fjárheimilda aflað og ennfremur ákvarðað hvernig útgjöldunum skuli mætt og útfærðar aðrar viðeigandi breytingar vegna þeirra liða áætlunarinnar sem ákvörðunin tengist. Þetta á jafnt við um breytingar sem snúa að áætlun rekstrar, fjárfestingu, lántöku eða öðrum atriðum sem hafa áhrif á rekstur eða sjóðstreymi sveitarfélagsins.
- Samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 3.237 millj. kr. í A og B hluta. Ekki var gerður viðauki við áætlunina í tengslum við ákvarðanir um auknar lántökur á árinu sem námu samkvæmt ársreikningi 9.247 millj. kr. Að okkar mati er mikilvægt að farið sé að ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga og að ákvarðanir borgarstjórnar af þessu tagi séu færðar í fjárhagsáætlun með viðauka.

Fjárhagsáætlun ársins 2014 var samþykkt við síðari umræðu í borgarstjórn þann 3. desember 2013

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum borgarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

Nánar er gerð grein fyrir frávikum frá fjárhagsáætlun í skýrslu Fjármálaskrifstofu við framlagningu ársreiknings

3.1.1 Fjárhagsáætlun og rekstur

- Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er jákvæð um 495 millj. kr., en þegar tekið hefur verið tillit til samþykktra viðauka er rekstrarniðurstaða áætlunarinnar jákvæð um 488 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt ársreikningi er neikvæð um 2.831 millj. kr., eða 3.318 millj. kr. óhagstæðari en áætlun með viðauka gerði ráð fyrir.
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er jákvæð um 8.127 millj. kr., en þegar tekið hefur verið tillit til samþykktra viðauka er rekstrarniðurstaða áætlunarinnar jákvæð um 8.120 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt ársreikningi er jákvæð um 11.106 millj. kr. eða 2.986 millj. kr. hagstæðari en áætlun með viðauka gerði ráð fyrir.
- Rekstrartekjur A og B hluta eru 1.047 millj. kr. lægri en samkvæmt áætlun með viðaukum. Rekstrargjöld A og B hluta eru 1.745 millj. kr. umfram áætlun með viðaukum. Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og aðrir liðir eru samtals 5.778 millj. kr. hagstæðari en áætlun með viðaukum.
- Bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga. Eftirfarandi töflur eru í þúsundum króna og sýna samanburð rauntalna við fjárhagsáætlun með viðaukum og upphaflega áætlun. Einnig kemur fram hlutfallslegur mismunur milli rauntalna og áætlunar.

| Rekstur A hluta | | | | | |
|--|-----------------------|-----------------------------|-----------------------------------|--------------------------|-------------------------------|
| | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2014 með viðaukum | Frávik frá áætlun með viðaukum | Upphafleg áætlun 2014 | Frávik frá upphafl. áætlun |
| Rekstrartekjur | 83.760.551 | 84.056.570 | (0,4%) | 82.236.342 | 1,9% |
| Rekstrargjöld | (86.657.092) | (83.204.749) | 4,1% | (81.377.044) | 6,5% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ... | 65.668 | (364.299) | | (364.299) | |
| Rekstrarniðurstaða | (2.830.873) | 487.521 | | 495.000 | |

| Rekstur A og B hluta | | | | | |
|--|-----------------------|-----------------------------|-----------------------------------|--------------------------|-------------------------------|
| | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2014 með viðaukum | Frávik frá áætlun með viðaukum | Upphafleg áætlun 2014 | Frávik frá upphafl. áætlun |
| Rekstrartekjur | 133.058.188 | 134.105.257 | (0,8%) | 132.285.030 | 0,6% |
| Rekstrargjöld | (117.489.646) | (115.745.005) | 1,5% | (113.917.301) | 3,1% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ... | (6.278.505) | (10.901.427) | (42,4%) | (10.901.428) | (42,4%) |
| Aðrir liðir | 1.815.956 | 661.137 | | 661.137 | |
| Rekstrarniðurstaða | 11.105.993 | 8.119.961 | | 8.127.438 | |

Fjárhagsáætlun ársins 2014 var samþykkt við síðari umræðu í borgarstjórn þann 3. desember 2013

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum borgarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.2.1 Fjárhagsáætlun og fjárfesting A hluta

- Upphafleg fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 8.425 millj. kr. fjárfestingu í A hluta og 1.100 millj. kr. tekjum af gatnagerðargjöldum sem færast til lækkunar á fjárfestingu ársins.
- Fjárfesting A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu 8.695 millj. kr. og tekjur af gatnagerðargjöldum námu 1.204 millj. kr.
- Frávik frá fjárfestingaráætlun er aðallega vegna lægri kostnaðar vegna gatnaframkvæmda og fjárfestingar í leigðum eignum. Auk þess er eignfærð í Eignasjóði hlutdeild í eignum skíðasvæða sem ekki var færð í fjárfestingaráætlun.
- Fjárfesting ársins greinist eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar miðað við einstaka flokka eigna samkvæmt skýringu 35 í ársreikningi 2014.

| | Fjárfesting ársins | Fjárfestingaráætlun Með viðaukum | Upphafleg |
|--|-----------------------|-------------------------------------|------------------|
| A hluti | | | |
| Fasteignir og lausafjármunir: | | | |
| Menningar- og ferðamálasvið..... | 451.934 | 469.500 | 397.500 |
| Skóla- og frístundasvið..... | 1.881.691 | 1.837.000 | 1.710.000 |
| Íþrótt- og tómstundasvið..... | 774.170 | 741.000 | 870.000 |
| Velferðarsvið..... | 273.475 | 420.000 | 490.000 |
| Lóðir og lönd..... | 116.573 | 115.000 | 115.000 |
| Ýmsar fasteignir..... | 78.904 | 85.000 | 145.000 |
| Áhöld, tæki og hugbúnaður..... | 643.878 | 894.000 | 700.000 |
| Endurbætur og viðhald fasteigna... | 817.683 | 800.000 | 800.000 |
| Keyptar fasteignir v. skipulags..... | 127.807 | 121.000 | 97.500 |
| Leigðar eignir..... | 535.776 | 0 | 0 |
| Hlutdeild í eignum skíðasvæða..... | 522.304 | 0 | 0 |
| Bílastæðasjóður..... | 133.922 | 153.323 | 60.000 |
| Fasteignir og lausafjárm. samtals | 6.358.118 | 5.635.823 | 5.385.000 |
| Gatna- og umferðarmannvirki: | | | |
| Gatnaframkvæmdir..... | 2.036.639 | 2.587.500 | 2.765.000 |
| Gatnagerð, átaksverkefni..... | 300.000 | 295.000 | 275.000 |
| Gatnagerðargjöld..... | (1.204.299) | (1.100.000) | (1.100.000) |
| Gatnagerð samtals | 1.132.340 | 1.782.500 | 1.940.000 |
| A hluti | 7.490.458 | 7.418.323 | 7.325.000 |

Fjárhagsáætlun ársins 2014 var samþykkt við síðari umræðu í borgarstjórn þann 3. desember 2013

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum borgarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.2.2 Fjárhagsáætlun og fjárfesting B hluta

- Fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 9.804 millj. kr. fjárfestingu í B hluta. Ekki voru gerðir neinir viðaukar við áætlun B hluta á árinu.
- Fjárfesting B hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu samtals 9.013 millj. kr.
- Áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 17.222 millj. kr. fjárfestingu í A og B hluta.
- Heildarfjárfesting A og B hluta að frádregnum gatnagerðargjöldum á árinu 2014 nam 16.504 millj. kr.
- Áætlun um hlutdeild sveitarfélagsins í fjárfestingu við skíðasvæði á árinu er sett fram í fjárfestingaráætlun A hluta, en einnig í áætlun fyrir fjárfestingu í B hluta.

| | Fjárfesting ársins | Fjárfestingaráætlun Með viðaukum | Upphafleg |
|------------------------------------|-----------------------|-------------------------------------|------------|
| A hluti | 7.490.458 | 7.418.323 | 7.325.000 |
| B hluti | | | |
| Faxaflóahafnir..... | 1.014.353 | 933.000 | 933.000 |
| Félagsbústaðir..... | 841.922 | 827.920 | 827.920 |
| Íþrótt- og sýningarhöllin hf..... | 19.673 | 5.000 | 5.000 |
| Jörundur hf..... | 75.801 | 0 | 0 |
| Malbikunarstöðin Höfði hf..... | 66.700 | 50.000 | 50.000 |
| Orkuveita Reykjavíkur..... | 5.786.380 | 5.826.345 | 5.826.345 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins... | 423.278 | 441.534 | 441.534 |
| Skíðasvæði höfuðborgarsv..... | 0 | 75.000 | 75.000 |
| Sorpa bs..... | 196.860 | 895.000 | 895.000 |
| Strætó bs..... | 588.259 | 750.000 | 750.000 |
| B hluti | 9.013.225 | 9.803.799 | 9.803.799 |
| A og B hluti samtals | 16.503.683 | 17.222.122 | 17.128.799 |

Nánari greiningu er að finna á bls. 5 í ársreikningi 2014, sjóðstreymisýfirliti 2014 á bls. 8, auk skýringa nr. 25 til 29 í ársreikningi sem taka til einstakra liða í rekstrarreikningi

Rétt er einnig að benda á skýringu 66 í ársreikningi þar sem birt er yfirlit um lykiltölur A hluta sem taka til rekstrar sl. fimm ára

4.1.1 Rekstrarreikningur A og B hluta 2014

- Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2014 námu rekstrartekjur A og B hluta 133.058 millj. kr. samanborið við 129.580 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun milli ára nemur því 2,7%.
- Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 117.490 millj. kr. en voru 106.001 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári nemur 10,8%.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2014 námu 6.279 millj. kr. en voru 9.021 millj. kr. árið 2013. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru sundurliðuð í skýringu 27 í ársreikningi.
- Aðrir liðir eru sundurliðaðir í töflunni hér til hliðar. Tekjuskattur og matsbreytingar fjárfestingaeigna eru samkvæmt rekstrarreikningum B hluta fyrirtækja, en þeir liðir breytast verulega frá fyrra ári og hafa því umtalsverð áhrif á samanburð við rekstrarniðurstöðu A og B hluta milli ára.

4.1.2 Rekstrarreikningur A hluta 2014

- Rekstrartekjur A hluta námu 83.761 millj. kr. samanborið við 80.532 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun milli ára nemur því 4,0%.
- Rekstrargjöld A hluta námu alls 86.657 millj. kr. á árinu 2014 en voru 76.712 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun frá fyrra ári nemur 13,0%.

Rekstur A og B hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--------------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 133.058.188 | 129.579.589 | 2,7% |
| Rekstrargjöld | (117.489.646) | (106.000.567) | 10,8% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) (| 6.278.505) | (9.021.029) | (30,4%) |
| Aðrir liðir | <u>1.815.956</u> | <u>(6.171.386)</u> | |
| Rekstrarniðurstaða | <u>11.105.993</u> | <u>8.386.607</u> | |

Aðrir liðir A og B hluta - sundurliðun

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|---|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Tekjuskattur | (2.036.775) | (7.545.300) | (5.508.525) |
| Matsbreyting fjárfestingaeigna | 4.460.534 | 1.890.883 | (2.569.651) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag | 395.539 | 50 | (395.489) |
| Hlutdeild minnihl. í afkomu B hluta ... | (1.003.342) | (517.018) | 486.324 |
| Aðrir liðir samtals | <u>1.815.956</u> | <u>(6.171.386)</u> | <u>(7.987.342)</u> |

Rekstur A hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|------------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 83.760.551 | 80.532.310 | 4,0% |
| Rekstrargjöld | (86.657.092) | (76.712.020) | 13,0% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 65.668 | (650.568) | |
| Rekstrarniðurstaða | <u>(2.830.873)</u> | <u>3.169.722</u> | |

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 30 til 44 í ársreikningi sem taka til einstakra eignaliða í efnahagsreikningi

4.2.1 Eignir A og B hluta

- Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 504.396 millj. kr. í árslok 2014 fyrir A og B hluta, samanborið við 478.350 millj. kr. í árslok 2013. Breyting á milli ára er 5,4%.
- Varanlegir rekstrarfjármunir námu alls 445.839 millj. kr. hjá A og B hluta og 112.338 millj. kr. hjá A hluta.
- Hækkun annarra varanlegra rekstrarfjármuna á árinu nam 21.323 millj. kr. eða 5,8%. Hækkunin skýrist meðal annars af 7.346 millj. kr. endurmati varanlegra rekstrarfjármuna hjá Orkuveitu Reykjavíkur og 10.499 millj. kr. þýðingarmun sem myndast við þýðingu á varanlegum rekstrarfjármunum Orku náttúrunnar ohf. úr bandaríkjadollurum yfir í íslenskar krónur.
- Áhættufjármunir og langtímakröfur námu 18.044 millj. kr. sem er lækkun um 954 millj. kr. á milli ára. Hluti af skýringunni er sala Orkuveitu Reykjavíkur á eignarhlut sínum í HS Veitum hf.
- Viðskiptakröfur lækka á milli ára sem skýrist meðal annars af uppgjöri á kröfu á Norðurál sem ágreiningur var um ásamt 500 millj. kr. afskrift á eftirstöðvum kröfunnar.
- Veltufjármunir nema samtals 39.180 millj. kr. í árslok 2014 en námu 38.718 millj. kr. í árslok 2013.
- Veltufjárhlutfall A og B hluta er 0,93 í árslok 2014. Almennt þykir eðlilegt viðmið að veltufjárhlutfall sé að jafnaði ekki lægra en 1,0.

4.2.2 Eignir A hluta

- Heildareignir A hluta námu 152.218 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 149.031 millj. kr. í árslok 2013 sem er hækkun um 2,1% á milli ára.
- Veltufjárhlutfall A hluta er 1,31 í árslok 2014.

Eignir A og B hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Óefnislegar eignir | 1.333.728 | 1.242.808 | 7,3% |
| Leigðar eignir | 7.647.709 | 7.672.008 | (0,3%) |
| Fjárfestingaeignir | 46.964.975 | 41.816.642 | 12,3% |
| Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir | 391.226.256 | 369.902.815 | 5,8% |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur ... | 18.043.991 | 18.997.894 | (5,0%) |
| Birgðir | 760.558 | 859.621 | (11,5%) |
| Óinnh. skatttekjur og viðsk.kröfur | 11.960.298 | 13.643.631 | (12,3%) |
| Aðrar skammtímakröfur | 3.581.519 | 3.072.208 | 16,6% |
| Bundnar bankainnstæður | 3.000.144 | 0 | |
| Handbært fé | 19.877.287 | 21.142.441 | (6,0%) |
| Eignir samtals | 504.396.465 | 478.350.067 | 5,4% |

Eignir A hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Leigðar eignir | 7.647.709 | 7.672.008 | (0,3%) |
| Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir | 104.690.758 | 98.250.739 | 6,6% |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur ... | 22.390.968 | 23.430.760 | (4,4%) |
| Óinnh. skatttekjur og viðsk.kröfur | 6.710.088 | 7.080.907 | (5,2%) |
| Aðrar skammtímakröfur | 2.773.428 | 2.823.788 | (1,8%) |
| Handbært fé | 8.004.670 | 9.772.323 | (18,1%) |
| Eignir samtals | 152.217.622 | 149.030.524 | 2,1% |

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 45 til 52 í ársreikningi sem taka til einstakra eiginfjár- og skuldaliða í efnahagsreikningi

4.2.3 Eigið fé og skuldir A og B hluta

- Eigið fé A og B hluta nam 217.252 millj. kr. í árslok 2014, en þar af nam hlutdeild minnihlutaeigenda í B hluta fyrirtækjum 11.274 millj. kr. Eiginfjárlutfall A og B hluta er 43,1% í árslok 2014 samanborið við 40,1% í árslok 2013.
- Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt efnahagsreikningi námu 287.145 millj. kr. í árslok 2014 fyrir A og B hluta, samanborið við 286.332 millj. kr. í árslok 2013 og nemur hækkunin 813 millj. kr. eða 0,3%.
- Skuldbindingar hækka um 50,0% á milli ára eða um 6.293 millj. kr. Tekjuskattsskuldbinding hækkar um 4.564 millj. kr., meðal annars vegna breytinga á yfirfæranlegu skattalegu tapi innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.
- Langtímaskuldir og leiguskuldir í árslok 2014 námu alls 222.066 millj. kr. hjá A og B hluta, en auk þess eru næsta árs afborganir af langtímaskuldum og leiguskuldum samtals 20.799 millj. kr. og eru færðar meðal skammtímaskulda.

4.2.5 Eigið fé og skuldir A hluta

- Eigið fé A hluta nam 87.644 millj. kr. í árslok 2014 og er eiginfjárlutfallið 57,6%.
- Heildarskuldir og skuldbindingar A hluta námu 64.574 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 62.094 millj. kr. í árslok 2013.
- Langtímaskuldir námu alls 37.813 millj. kr. auk 1.814 millj. kr. næsta árs afborgana langtímalána og leiguskulda.
- Skammtímaskuldir A hluta námu 13.314 millj. kr. í árslok 2014, samanborið við 13.727 millj. kr. árið áður.

Eigið fé og skuldir A og B hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|-----------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Eiginfjárreikningar | 217.251.919 | 192.018.399 | 13,1% |
| Skuldbindingar | 18.875.696 | 12.582.896 | 50,0% |
| Skuldir við lánastofnanir | 210.310.407 | 219.773.229 | (4,3%) |
| Leiguskuldir | 11.755.749 | 11.730.816 | 0,2% |
| Afleiðusamningar | 4.219.889 | 0 | |
| Skammtímaskuldir | 41.982.805 | 42.244.726 | (0,6%) |
| Eigið fé og skuldir samtals | <u>504.396.465</u> | <u>478.350.067</u> | 5,4% |

Eigið fé og skuldir A hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|-----------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Eiginfjárreikningur | 87.644.054 | 86.936.041 | 0,8% |
| Lífeyrisskuldbinding | 13.446.896 | 11.842.577 | 13,5% |
| Skuldir við lánastofnanir | 26.057.138 | 24.794.490 | 5,1% |
| Leiguskuldir | 11.755.749 | 11.730.816 | 0,2% |
| Skammtímaskuldir | 13.313.785 | 13.726.600 | (3,0%) |
| Eigið fé og skuldir samtals | <u>152.217.622</u> | <u>149.030.524</u> | 2,1% |

Nánari greiningu er að finna á bls. 8 í ársreikningi

4.3.1 Sjóðstreymisyfirlit A og B hluta

- Veltufé frá rekstri A og B hluta samkvæmt sjóðstreymisyfirliti nam 26.236 millj. kr. árið 2014 en var 29.440 millj. kr. árið 2013. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri 29.766 millj. kr. samanbórið við 28.307 millj. kr. á árinu 2013.
- Fjárfesting umfram sölu eigna A og B hluta nam á árinu 15.943 millj. kr. samanbórið við 4.570 millj. kr. árið 2013.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins fyrir A og B hluta eru 15.015 millj. kr. (útborganir umfram innborganir) sem greinast meðal annars í nýja lántöku á árinu að fjárhæð 9.247 millj. kr., samanbórið við 5.579 millj. kr. árið áður og afborganir af langtímaskuldum og leiguskuldum að fjárhæð 24.526 millj. kr., samanbórið við 28.501 millj. kr. árið áður.
- Handbært fé lækkaði um 1.192 millj. kr. á árinu og nam það 19.877 millj. kr. í árslok 2014. Á meðal fjárfestingahreyfinga er hækkun á bundnum bankainnstæðum að fjárhæð 3.000 millj. kr. Handbært fé, með bundnum bankainnstæðum, er samtals 22.877 millj. kr. í árslok 2014.

4.3.2 Sjóðstreymisyfirlit A hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti 2014 nam veltufé frá rekstri A hluta 4.502 millj. kr. á árinu 2014 samanbórið 7.086 millj. kr. á árinu 2013. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A hluta 4.472 millj. kr. samanbórið við 5.596 millj. kr. á árinu 2013.

Sjóðstreymisyfirlit A og B hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 |
|---|-----------------------|-----------------------|
| Veltufé frá rekstri | 26.235.565 | 29.440.185 |
| Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum | <u>3.530.426</u> | <u>(1.133.370)</u> |
| Handbært fé frá rekstri | 29.765.990 | 28.306.815 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (15.943.269) | (4.570.066) |
| Fjármögnunarhreyfingar | <u>(15.014.978)</u> | <u>(22.229.179)</u> |
| Breyting á handbæru fé | <u>(1.192.257)</u> | <u>1.507.570</u> |

Sjóðstreymisyfirlit A hluta

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 |
|---|-----------------------|-----------------------|
| Veltufé frá rekstri | 4.501.576 | 7.086.221 |
| Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum | <u>(29.702)</u> | <u>(1.490.653)</u> |
| Handbært fé frá rekstri | 4.471.874 | 5.595.567 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (5.427.488) | (8.549.993) |
| Fjármögnunarhreyfingar | <u>(812.038)</u> | <u>962.485</u> |
| Breyting á handbæru fé | <u>(1.767.652)</u> | <u>(1.991.941)</u> |

Sveitarstjórnarlög
nr. 138/2011

Lög um bókhald
nr. 145/1994

Lög um ársreikninga
nr. 3/2006

Reglugerð nr. 944/2000

5.1.1 Almennt um reikningsskilaaðferðir

- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og lög um ársreikninga að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga byggja á almennum reikningsskilaaðferðum.
- Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.
- Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum í skýringu 2 til 24 í ársreikningi.

5.1.2 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS)

- Innifalið í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru ársreikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta.
- Það helsta sem er frábrugðið þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru í A hluta er:
 - Hluti varanlegra rekstrarfjármuna eru endurmetnir til gangvirðis.
 - Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði
 - Aðrir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði.
 - Eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði.
 - Leigusamningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna höfuðstöðva fyrirtækisins er færður sem rekstrarleigusamningur.

5.1.3 Samræmi við reikningsskil sveitarfélaga

- Reikningsskilaaðferðir sveitarfélagsins eru í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil sveitarfélaga. Þó er álitamál hvort meðhöndlun leigusamninga B hluta fyrirtækja í samanteknum ársreikningi A og B hluta samræmist reikningsskilaaðferðum sveitarfélaga.
- Á það skal benti að í ársreikningi A og B hluta Reykjavíkurborgar er leigusamningur Orkuveitunnar um höfuðstöðvar fyrirtækisins ekki færður í samræmi við álit 1/2010 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga. Samkvæmt álitinu skulu sveitarfélög meðhöndla samninga af þessu tagi sem fjármögnunarleigusamning í reikningsskilum sínum, en þá er hin leigða eign færð til eignar og leiguskulda til skuldar í efnahagsreikningi.
- Álitid gildir um reikningsskil sveitarfélaga, en ekkert kemur fram um að reikningsskilaaðferðin nái ekki til leigusamninga B hluta í samanteknum reikningsskilum A og B hluta.
- Sambærilegir samningar A hluta eru meðhöndlaðir í samræmi við framangreint álit. Rökstuðningur stjórnenda fyrir þessari meðferð byggir á þeirri meginreglu sveitarfélagsins að taka ársreikninga B hluta fyrirtækja óbreytta inn í ársreikning A og B hluta. Leigusamningurinn er því færður í ársreikning A og B hluta sveitarfélagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.
- Í skýringu 61 í ársreikningnum koma fram nánari upplýsingar um framangreindan leigusamning. Þar koma meðal annars fram upplýsingar um hvaða áhrif það hafi á ársreikning A og B hluta ef samningurinn er meðhöndlaður í samræmi við álit 1/2010.

5.2.1 Breytingar á samstæðu

- Í samræmi við samþykkt borgarráðs telst starfsemi Bílastæðasjóðs Reykjavíkur til A hluta frá og með 1. janúar 2014 en taldist áður til B hluta.
- Í ársbyrjun 2014 voru reikningsskil Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins færð út úr samanteknum ársreikningi A og B hluta Reykjavíkurborgar þar sem samkomulag samstarfssveitafélaga um breyttan rekstur skíðasvæðanna tók þá gildi. Frá ársbyrjun er reksturinn færður í Aðalsjóði og hlutdeild í eignum skíðasvæðanna er færð í Eignasjóði.
- Í ársbyrjun 2014 var starfsemi Orkuveitunnar skipt upp. Þá tóku enn fremur gildi ný lög um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 136/2013. Uppskiptingin var gerð til að uppfylla ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 um aðskilnað fyrirtækja á raforkumarkaði, en það lagaákvæði tók gildi í ársbyrjun 2014.
- Orkuveitan stofnaði ný félög og var starfsemin flutt til þeirra í ársbyrjun 2014. Ný félög sem tóku við starfsemi frá móðurfyrirtækinu eru:
 - OR Vatns og fráveita sf. (vatns- og fráveitustarfsemi)
 - OR Veitur ohf. (dreifing rafmagns og hita)
 - Orka náttúrunnar ohf. („ON“) (framleiðsla og sala rafmagns og hita).
- Auk þess stofnaði Orkuveitan OR Eignir ohf., sem fer með eignarhald OR Veitna ohf. og Orku náttúrunnar ohf.
- Orka Náttúrunnar ohf. fékk heimild til að gera reikningsskil sín í bandarískum dollurum. Eigið fé hækkar um 4,2 milljarða kr. vegna þýðingarmunar sem myndast í samstæðu Orkuveitunnar þegar reikningsskil Orku náttúrunnar ohf. eru þýdd yfir í íslenskar krónur þegar þau eru færð í samstæðureikninginn.

5.2.2 Helstu áhrif uppskiptingar OR á reikningsskilin

- Helstu áhrif uppskiptingar Orkuveitunnar í ársbyrjun 2014 á ársreikning 2013 og 2014 eru vegna áhrifa annarra skatthlutfalla tekjuskatts í þeim nýju félögum sem taka við frestuðum tekjuskatti.
- Tekjuskattshlutfall móðurfyrirtækisins (OR) er 36%, en tekjuskattshlutfall Orku náttúrunnar ohf. og OR Veitna ohf. er 20%.
- Við útreikning á tekjuskatti og tekjuskattseign (-skuldbindingu) var frestuðum tekjuskatti skipt milli félaganna í samræmi við skiptingu á eigin fé.
- Í ársreikningi er ekki heimilt að jafna saman tekjuskatteign og tekjuskattskuldbindingu félaga nema þau hafi heimild til samsköttunar. Af þeirri ástæðu er bæði færð tekjuskatteign og tekjuskattsskuldbinding í efnahagsreikningi.

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 30 til 41 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

5.3.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir fyrir A og B hluta námu 445.839 millj. kr. í árslok 2014 eða um 88,4% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Varanlegir rekstrarfjármunir eru almennt færðir til eignar á afskrifuðu kostnaðarverði.
- Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat er fært á eiginfjárreikning. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.
- Endurmat lóða og lendna er fært í samræmi við álit 2/2010 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga en samkvæmt því skulu þessar eignir endurmetnar ef gangvirði þeirra hefur breyst sem nemur 5% frá bókfærðu verði. Gangvirðið er ákvarðað út frá núvirði framtíðarleigutekna og er afvöxtunarstuðull 5%. Endurmat lóða og lendna nam 3.539 millj. kr. á árinu 2014.
- Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur og varanlegir rekstrarfjármunir Ípróttá- og sýningarhallarinnar hf. eru færðir til gangvirðis og endurmat fært á eiginfjárreikning. Rekstrarfjármunir rafmagnsframleiðslu voru endurmetnir í árslok 2014. Virðisrýrnunarpróf sem unnið var í byrjun árs 2015 sýndi verulegt umframvirði og að teknu tilliti til ákveðinnar varkárni þar sem virðisrýrnunarpróf eru næm fyrir breytingum á forsendum þá var niðurstaðan að endurmeta framleiðslukerfið um 7.600 millj. kr. Endurmatið er fært á eigið fé að frádregnum tekjuskatti.
- Eignir í byggingu hjá OR eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og námu alls 9.356 millj. kr. Óvissa er um framhald virkjunar við Hverahlíð. Gert er ráð fyrir að nýta borholur í Hverahlíð til orkuframleiðslu í Hellsheiðarvirkjun. Stjórnendur telja að möguleikar séu til tekjuöflunar vegna eigna í byggingu og meta svo að ekki sé virðisrýrnun til staðar. Við gerum ekki athugasemdir við það mat stjórnenda.
- Bókfært verð fasteigna í eigu Jörundar ehf. nemur 1.294 millj. kr., en unnið er að mati á verðmæti fasteigna félagsins.
- Fjárfestingaeignir eru fasteignir sem eru í eigu Félagsbústaða hf. til að afla leigutekna. Fjárfestingaeignir eru færðar á gangverði. Við mat á gangvirði á fjárfestingaeignum félagsins er stuðst við mat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands sem var í gildi í árslok 2014. Breytingar á gangvirði fjárfestingaeigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeigna í rekstrarreikningi. Matshækkun fjárfestingaeigna á árinu 2014 nam 4.461 millj. kr. sem er um 11% hækkun frá fyrra ári.
- Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppseggjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs á upphafsdegi leigusamnings. Orkuveita Reykjavíkur beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) við mat á því hvort eignir sem fyrirtækið leigir eru færðar meðal leigðra eigna sbr. umfjöllun í kafla 5.1.3.

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 30 til 41 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

5.3.2 Stofnframlög og eignahlutir í félögum

- Í ársreikningi A hluta eru eignarhlutir í félögum færðir á kostnaðarverði. Í ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, eignarhlutir tiltekinna B hluta fyrirtækja er færður á gangvirði, en aðrir eignarhlutir á kostnaðarverði.
- Stofnframlög og eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 4.916 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2014 en námu 6.188 millj. kr. í árslok 2013 og hefur því lækkað um 1.272 millj. kr. á milli ára.
- Í febrúar 2014 seldi Orkuveita Reykjavíkur hlut sinn í HS Veitum hf. og nam söluverðið 1,5 milljörðum kr. Bókfært verð eignarhlutans var færður upp í árslok 2013 í samræmi við kaupsamninginn að frádregnum sölukostnaði.
- Á árinu 2014 fór fram stofnfjárukning hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs., samtals 250 millj. kr. en hlutur Reykjavíkurborgar nam 145 millj. kr. Hlutfé Félagsbústaða var aukið um 45 millj. kr. á árinu. Í ársreikningi A og B hluta er eignfærður eignarhlutur A hluta í B hluta fyrirtækjum jafnaður út, en viðkomandi fyrirtæki eru færð í samstæðu A og B hluta.
- Stærstu eignarhlutir sveitarfélagsins eru 17,5% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 1.548 millj. kr. og 6,8% eignarhlutur í Landsneti hf. sem er bókfærður á 2.160 millj. kr. í árslok 2014.
- Á árinu 2012 fengu stjórnendur Orkuveitunnar óháðan aðila til að framkvæma verðmat á eignarhlutanum í Landsneti hf. Fram kemur í ársreikningi Landsnets árið 2014 að óvissa sé um tekjumörk félagsins sem nær yfir tekjur félagsins nokkur ár aftur í tímann. Stjórnendur Orkuveitunnar hafa yfirfarið þessar upplýsingar og telja vegna óvissunnar að ekki séu forsendur fyrir því að breyta matinu og byggja því bókfærða verðið í árslok 2014 á fyrra mati frá árinu 2012. Við gerum ekki athugasemd við mat stjórnenda.
- Eignarhlutur í Jörundi ehf. er færður til eignar í A hluta á kostnaðarverði sem nemur 232 millj. kr. Bent er á að eigið fé félagsins miðað við drög að ársreikningi þess er neikvætt um 39 millj. kr. þar sem skuldir eru hærri en bókfært verð eigna. Bókfært verð fasteigna í eigu Jörundar ehf. nemur 1.294 millj. kr., en unnið er að mati á verðmæti fasteigna félagsins. Ef verðmatið leiðir í ljós að verðmæti fasteigna félagsins sé 270 millj. kr. hærra en bókfært verð er ekki um virðisrýrnun að ræða.



Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 30 til 41 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

5.3.3 Langtímakröfur

- Langtímakröfur A og B hluta námu alls 10.336 millj. kr. í árslok, en þar af eru næsta árs afborganir að fjárhæð 591 millj. kr. færðar meðal veltufjármuna. Langtímakröfur námu 9.239 millj. kr. í árslok 2013.
- Skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden er fært meðal langtímakrafna, en Orkuveita Reykjavíkur eignaðist það vegna viðskipta með eignarhluti í HS Orku hf. á árinu 2009. Skuldabréfið er gefið út í USD og ber 1,5% vexti. Um er að ræða eingreiðslulán með gjalddaga 14. desember 2016. Skuldabréfið er tryggt með veði í hlutabréfum í HS Orku hf. og er eignfært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þættir sem hafa áhrif á gangvirði bréfsins eru álverð, gengi, vextir, áhættuálag og tími. Bókfært verð skuldabréfsins í árslok 2014 nemur 8.480 millj. kr.
- Vaxtagjalddagar af framangreindu skuldabréfi eru einu sinni á ári en skuldari nýtti sér heimildir samkvæmt skilmálum skuldabréfsins til að bæta fyrstu þremur vaxtagjalddögum við höfuðstól skuldabréfsins. Í desember 2014 voru í annað sinn greiddir vextir af skuldabréfinu til Orkuveitunnar.
- Langtímakröfur Eignasjóðs á nokkra aðila vegna lóðaúthlutana nema 2.700 millj. kr. í árslok 2014, án tillits til niðurfærslu. Vegna óstöðugleika í efnahagsumhverfi og að samþykkt deiliskipulag liggur ekki fyrir þá ríkir tölurverð óvissa um hvenær þessar kröfur muni innheimtast. Í ársreikningi 2014 er færð varúðarniðurfærsla vegna þessar krafna að fjárhæð 1.750 millj. kr. og er það óbreytt niðurfærsla frá árinu áður. Við höfum farið yfir mat stjórnenda og gerum ekki athugasemdir.

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 42 til 44 í ársreikningi sem taka til veltufjármuna í efnahagsreikningi

5.4.1 Óinnheimtar skatttekjur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins 2014 nam 64.324 millj. kr. samanborið við 60.179 millj. kr. árið 2013. Það svarar til 6,9% hækkunar á milli ára. Í rekstrarreikningi A og B hluta hefur fasteignaskattur sem lagður er á eignir í B hluta verið jafnaður út og er því tekjufærslan lítillega hærrí í A hluta.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur og aðrar viðskiptakröfur 11.960 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 13.644 millj. kr. árið áður. Þar af er óinnheimt staðgreiðsla vegna ársins 2014 að fjárhæð 4.093 millj. kr. sem greidd er til sveitarfélagsins í upphafi árs 2015.
- Eftirá álagt útsvar er til innheimtu hjá innheimtumanni ríkissjóðs og nema eftirstöðvar í árslok samkvæmt yfirliti frá Fjársýslu ríkisins 6.513 millj. kr. án áföllnum dráttarvöxtum. Óbein niðurfærsla vegna þessara krafna nam 6.100 millj. kr. í árslok 2014 eða 93,7% af eftirstöðvum útsvars. Óbein niðurfærsla vegna óinnheimtra fasteignagjalda nemur 118 millj. kr.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, eða vegna lækkana skattstjóra og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.

5.4.2 Aðrar skammtímakröfur

- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa lagt mat á innheimtanleika annarra skammtímakrafna. Óbein niðurfærsla skammtímakrafna annarra en útsvars nam 587 millj. kr. í árslok 2014.
- Eins og fram kom hér að framan er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í árslok í efnahagsreikningi.

Nánari greiningu er að finna í skýringum nr. 46 og 47 í ársreikningi sem tekur til lífeyrisskuldbindingar

5.5.1 Lífeyrisskuldbinding

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Lífeyrisskuldbindingin nam 15.626 millj. kr. í árslok 2014 og nemur hækkun skuldbindingarinnar að frádregnum greiddum lífeyri á árinu 1.780 millj. kr. sbr. skýringu 46 í ársreikningi 2014. Gjaldfært hækkun lífeyrisskuldbindingar nemur 3.371 millj. kr. en framlag til lífeyrisgreiðslna ársins nam 1.591 millj. kr.
- Í skýringu 46 í ársreikningi eru birtar upplýsingar um áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar á næstu árum. Við útreikning á skuldaviðmiði er tekið tillit til þessara upplýsinga.
- Lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2014.
- Lífeyrisskuldbinding er að langmestu leyti vegna lífeyrisréttinda starfsmanna A hluta í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, eða 15.081 millj. kr. Í B hluta bætist við skuldbinding vegna starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur í öðrum réttindatengdum lífeyrissjóðum, samtals 545 millj. kr.

5.5.2. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar.

- Samkvæmt úttekt tryggingastærðfræðings sjóðsins nemur heildarskuldbinding 82.321 millj. kr. í árslok 2014 en eignir til greiðslu lífeyris nema 66.948 millj. kr. Skuldbinding umfram eignir sjóðsins nemur því 15.373 millj. kr. Eignir standa því undir 81,3% af brúttó skuldbindingu sjóðsins.
- Nokkrir aðilar utan samstæðu Reykjavíkurborgar eiga aðild að sjóðnum. Hluti þeirra í skuldbindingunni nemur 292 millj. kr. Skuldbindingunni er skipt milli launagreiðenda í samræmi við áunnin réttindi starfsmanna og eru eignir sjóðsins færðar hlutfallslega til lækkunar á skuldbindingu hvers og eins launagreiðanda.
- Aðalsjóður greiddi á árinu 2007 inn á lífeyrisskuldbindingu vegna sölu á eignarhlut í Landsvirkjun. Lífeyrissjóðurinn heldur þeirri innborgun aðgreindri frá öðrum eignum sjóðsins við útreikning á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur greitt framlag til lífeyrisgreiðslna í samræmi við samþykktir sjóðsins. Framlagið er ákvarðað ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum til lífeyrisþega.
- Gjaldfærð hækkun er talsvert umfram fjárhagsáætlun. Það skýrist einkum af því að vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 9% á árinu sem er mun meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárhagsáætlunar. Flestir starfsmenn sem hafa réttindi í sjóðnum eru með verðtryggð réttindi.

5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

5.6 Skuldir og aðrar skuldbindingar

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 48 til 52 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

5.6.1 Skuldir við lánastofnanir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 230.472 millj. kr. í árslok. Þar af eru 210.310 millj. kr. færðar meðal langtímaskulda en næsta árs afborganir að fjárhæð 20.161 millj. kr. eru færðar meðal skammtímaskulda. Skammtímaskuldir við lánastofnanir eru 1.827 millj. kr. Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir nema alls 46,1% af heildareignum sveitarfélagsins samanborið við 50,9% árið áður.
- Lánasafn sveitarfélagsins greinist þannig:
 - 59,8% eru gengistryggð lán, sem bera 0,07% - 1,67% vexti.
 - 39,5% eru verðtryggð lán, sem bera 2,00% – 6,45% vexti.
 - 0,7% eru óverðtryggð lán sem bera 6,29% – 8,45% vexti.
- Gengistryggð lán eru færð í efnahagsreikning í árslok í samræmi við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok. Þróun á gengi íslensku krónunnar gagnavart erlendum gjaldmiðlum á árinu var hagstætt m.t.t. gengistryggðra lána sveitarfélagsins.
- Verðbólga var heldur minni á árinu 2014 en á árinu 2013 og nam ársbreyting vísitölu neysluverðs um 1,03% á árinu miðað við 3,66% á fyrra ári.
- Vaxtagjöld og verðbætur á árinu námu 6.746 millj. kr. samanborið við 9.720 millj. kr. árið áður. Lækkunin skýrist að mestu af lækkandi höfuðstól langtímalána og lægri verðbólgu á árinu.
- Áætlaðar afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2015 eru 20.161 millj. kr. og í því sambandi má benda á að veltufé frá rekstri sveitarfélagsins nam 26.236 millj. kr. á árinu 2014. Veltufé frá rekstri er til lengri tíma áætlað að standa undir afborgunum langtímalána og annarra skuldbindinga, auk þess að ganga upp í fjárfestingar.
- Gerðir hafa verið áhættuvarnarsamningar til að minnka fjárhagslega áhættu og draga úr sveiflum í rekstri sveitarfélagsins. Um er að ræða vaxta-, gjaldeyris- og álverðsskiptasamninga. Samningarnir eru metnir á gangvirði sem er byggt á skráðu markaðsverði ef það er til en annars er gangvirði fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

5.6.2 Leiguskuldir

- Leiguskuldir vegna húsaleigusamninga eru 12.394 millj. kr. í árslok og skiptast í langtímaluta að fjárhæð 11.756 millj. kr. og skammtímaluta að fjárhæð 638 millj. kr.
- Leigugreiðslur eru færðar í ársreikninginn þannig að hluti greiðslunnar fer til lækkunar á leiguskuld, hluti færast sem vaxtagjöld og hluti sem rekstrarkostnaður. Skiptingu á heildarleigugreiðslum ársins og nánari upplýsingar um leiguskuldir má sjá í skýringu 49 í ársreikningi.

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 48 til 52 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

5.6.3 Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

- Tekjuskattur þeirra B hluta fyrirtækja sem eru tekjuskattsskyld er reiknaður og færður í ársreikninginn. Mismunur í skattalegu uppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar leiðir til þess að annað hvort myndast tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbinding.
- Orkuveita Reykjavíkur og hluti af dótturfélögum þess, SHS fasteignir sem er dótturfélag Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Íprótta- og sýningahöllin hf. og Malbikunarstöðin Höfði hf. eru öll tekjuskattsskyld. Tekjuskattshlutfall þessara félaga er 20% fyrir utan Orkuveitu Reykjavíkur sem er með 36% skatthlutfall.
- Skattalegt tap samstæðunnar nam samtals 36.265 millj. kr. í lok árs 2014 þar af er skattalegt tap Orkuveitu Reykjavíkur 35.003 millj. kr. Skatteign vegna skattalegs taps samstæðunnar er færð til eignar í efnahagsreikningi á 9.037 millj. kr.
- Eignfærsla vegna skattalegs taps er aðeins heimil ef líkur eru á að tapið nýtist til frádráttar frá skattalegum hagnaði. Skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár eftir að það myndast.
- Í ársreikningi SHS fasteigna er tekjuskattseign vegna skattalegs taps færð upp. Vegna varúðarsjónarmiða er hluti af tekjuskattseigninni eða 15 millj. kr. færð niður þar sem óvíst er að félaginu tækist að nýta allt yfirfæranlegt skattalegt tap en skattalega tapið fellur niður á árunum 2018 - 2019.
- Í ársreikningi Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., sem er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, er tekjuskattseign ekki færð að fullu til eignar vegna varúðarsjónarmiða og nemur niðurfærslan 94 millj. kr.
- Stjórnendur hinna fyrirtækjanna hafa gert áætlanir um skattalega afkomu byggt á samþykktum áætlum félaganna og borið þær saman við skattalega tapið. Samkvæmt því mun tapið nýtast áður en það fyrnist og því ekki ástæða til að niðurfæra skatteignina hjá þeim. Við teljum þessa niðurstöðu eðlilega.

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 48 til 52 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

5.6.4 Innbyggðar afleiður

- Innbyggðar afleiður af raforkusölusamningum eru færðar til eignar eða skuldar í efnahagsreikningi á gangvirði og gangvirðisbreyting þeirra færð í rekstrarreikning. Bókfært verð í árslok 2014 var skuld að fjárhæð 3.028 millj. kr. þar af eru 2.378 millj. kr. færðar meðal langtímaskulda og 650 millj. kr. á meðal skammtímaskulda. Gangvirðisbreyting ársins nam 3.445 millj. kr. og er færð til gjalda í rekstrarreikningi. Lækkun gangvirðis afleiðanna má fyrst og fremst rekja til lækkunar álverðs á framvirkum markaði.
- Gerðir hafa verið þrjú raforkusölusamningar við Norðurál vegna álvers á Grundartanga og einn samningur við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Samningar þessir eru allir til 20 ára. Þá hefur Orkuveitan gert samning við Norðurál um afhendingu raforku sem Norðurál getur nýtt í fyrirhugað álver í Helguvík eða Grundartanga og hefur afhending samkvæmt þeim samningi hafist, en samningurinn er til 25 ára. Raforkusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagni tengt heimsmarkaðsverði á áli.
- Þessir samningar fela í sér innbyggðar afleiður þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Gangvirði þessara afleiða hefur verið metið í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðla IFRS 13 og IAS 39 og er fært í A og B hluta samkvæmt kröfum staðalsins.
- Gangvirði afleiðanna er metið samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum. Gangvirði er áætlað út frá mismun á núvirtu greiðslufæði tveggja leggjá afleiðusamnings þar sem annar leggurinn skilar föstu greiðslufæði en greiðslufæði hins leggsins byggir á fljótandi álverðskúrfu sem tekur mið af framvirku álverði samninga á upphafsdegi samnings og uppgjörssdegi miðað við framvirkt álverð á virkum markaði fyrir næstu 10 ár og væntingar um verðþróun á áli eftir það byggt á spá CRU sem er óháður matsaðili.

5.6.5 Aðrar skammtímaskuldir

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 10.472 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 9.504 millj. kr. í árslok 2013.
- Á meðal skammtímaskulda er færð orlofsskuldbinding að fjárhæð 2.422 millj. kr. vegna áunnins orlofs starfsmanna A hluta sveitarfélagsins. Við endurskoðun kom í ljós að skuldbindingin er áætluð út frá gjaldfærðum launum á orlofsárinu, en ekki miðað við áunninn orlofsrétt hvers og eins starfsmanns. Samkvæmt stjórnendum Fjármálaskrifstofu sveitarfélagsins hefur síðustu misseri verið komið á bættri skráningu og utanumhaldi á áunnu orlofi og orlofstöku í kerfi sem kallað er „vinnustund“. Hingað til hafa upplýsingar úr því kerfi ekki verið nýttar við útreikning á áföllnu orlofi. Höfum við bent á mikilvægi þess að auka nákvæmni við þennan útreikning og á þann möguleika að nýta upplýsingar úr framangreindu kerfi. Stjórnendur hafa þegar brugðist við ábendingu okkar og hafa unnið að endurreikningi á skuldbindingunni. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu þeirrar vinnu er sú orlofsskuldbinding sem færð er í ársreikning talsvert ofmetin og er það í samræmi við væntingar sem byggja á greiningum okkar. Ekki liggja fyrir endanlegir útreikningar sem fela í sér fjárhæð skekkjunnar. Að okkar mati verður ekki séð að skekkjan sé það mikil að hún hafi veruleg áhrif á ársreikning sveitarfélagsins, með hliðsjón af þeim mikilvægismörkum sem við höfum sett. Það mat byggir meðal annars á því að áhrif skekkjunnar á rekstrarreikning ársins eru óveruleg en við leiðréttingu hennar verða bókfærðar skuldir lækkaðar sem skekkjunnar nemur og mótfærslan færð til hækkunar á eiginfjárreikningi.

Nánari upplýsingar er að finna í skýringum nr. 50 til 60

5.7.1 Málaferli og kröfur

- Getið er um málaferli og önnur mál í skýringum 50 og 51 í ársreikningi og ennfremur í skýringum 57 til 60. Leitað hefur verið staðfestinga um stöðu þessara mála frá þeim lögfræðingum sem gætt hafa hagsmuna sveitarfélagsins.
- Höfðað hefur verið mál á hendur Strætó fyrir héraðsdómi af tveimur aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á almenningsvögnum á ákveðnum leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Annar aðilinn krefst þess að fá 530 millj. kr. í skaðabætur vegna missis meints hagnaðar en ekki hafa komið fram fjárkröfur frá hinum aðilanum heldur eingöngu farið fram á að viðurkennd verði skaðabótaskylda Strætó. Strætó hefur hafnað báðum kröfum á grundvelli þess að fyrirtækinu hafi verið skylt að taka lágsta boði annars þátttakanda í útboðinu og því eigi bótakrafan sér ekki lagastoð. Málalok verða að öllum líkindum síðla árs 2015 eða í ársbyrjun 2016. Engar skuldbindingar hafa verið færðar í ársreikning sveitarfélagsins til að mæta hugsanlegum bótageiðslum ef málið tapast enda er það mat stjórnenda Strætó og sveitarfélagsins að ólíklegt sé að málið tapist og mikil óvissa tengd upphæð hugsanlegra bótageiðslna fari svo að málið tapist. Að mati stjórnenda Strætó og sveitarfélagsins er því ekki grundvöllur til að færa upp skuldbindingu vegna þessara málaferla í ársreikninginn.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. hefur hafið málsókn á hendur Lánasjóði sveitarfélaga vegna gengistryggðs láns sem greitt var upp í árslok 2012 og hafið undirbúning málsóknar á hendur Íslandsbanka vegna annars gengistryggðs láns sem greitt var upp á árinu 2011. Samtals nema kröfur byggðasamlagsins vegna þessara tveggja lána um 600 millj. kr. Dómur gekk í héraðsdómi í máli SHS gegn Lánasjóði sveitarfélaga í mars 2015 og var dómurinn SHS í vil og Lánasjóðurinn dæmdur til að greiða 370 millj. kr. vegna leiðréttingarinnar. Hvorug krafan hefur verið færð til eignar í ársreikningi sveitarfélagsins 2014.

5.7.2 Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

- Gerð er grein fyrir skuldbindingum utan efnahagsreiknings í skýringu 53 til 55 í ársreikningi, auk upplýsinga um leigusamning Orkuveitu Reykjavíkur í skýringu 61. Um er að ræða skuldbindingar vegna rekstrar- og þjónustusamninga og ábyrgðir á tilteknum skuldum vegna kirkjubygginga og Félagsbústaða.
- Á sveitarfélaginu hvíla einnig skuldbindingar vegna B hluta fyrirtækja að fjárhæð 161 millj. kr. í árslok 2014. Þar vegur þýngst ábyrgð vegna Orkuveitu Reykjavíkur.


6.1 Heildareignir

**Heildareignir A og B hluta
í árslok 2014
504 milljarðar kr.**

Heildareignir A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 152.218 millj. kr., en A og B hluta 504.396 millj. kr. Bókfærðar heildareignir sveitarfélagsins hafa á árinu 2014 hækkað um 26.046 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildareignir í milljónum kr. fyrir A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru heildareignir tilgreindar samkvæmt ársreikningum Reykjavíkurborgar, en árin 2015 til 2019 eru birt í samræmi við áætlaða breytingu heildareigna samkvæmt samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Heildareignir í millj. kr.



6.2 Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall í árslok 2014


58% í A hluta

43% í A og B hluta

Eigið fé A hluta nemur samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 87.644 millj. kr. eða 57,6% af heildareignum og eigið fé A og B hluta 217.252 millj. kr., eða 43,1% af heildareignum samkvæmt efnahagsreikningi. Bókfært eigið fé A hluta hækkar á árinu um 708 millj. kr. en eigið fé A og B hluta hækkar um 25.234 millj. kr.

Eftirfarandi línurit sýnir eiginfjárlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru eiginfjárlutföllin sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2015 til 2019 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárlutfalli samkvæmt samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Eiginfjárlutfall



6. Fjárhagstaða í árslok og þróun


6.3 Heildarskuldir og skuldbindingar

**Heildarskuldir A og B hluta
í árslok 2014**
287 milljarðar kr.

Skuldir og skuldbindingar A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 64.574 millj. kr., en A og B hluta 287.145 millj. kr. Bókfærðar heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins hafa á árinu 2014 hækkað um 813 millj. kr.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í milljónum kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2015 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Skuldir og skuldbindingar í millj. kr.



6. Fjárhagstaða í árslok og þróun

6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið

Skuldahlutfall A og B hluta er 216% í árslok 2014


Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Skuldahlutfall A og B hluta Reykjavíkurborgar samkvæmt ársreikningi er 215,8% í árslok 2014.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2015 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskulddum og skuldbindingum í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldahlutfall




Skuldaviðmið A og B hluta er 80% í árslok 2014

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Skuldaviðmið A og B hluta Reykjavíkurborgar samkvæmt ársreikningi er 79,8% í árslok 2014.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal meðal annars draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt. Einnig eru reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur undanskilin við útreikning á skuldaviðmiðinu í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru skuldir miðaðar við ársreikninga Reykjavíkurborgar fyrir viðkomandi ár, en 2015 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á viðmiðinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið



6. Fjárhagstaða í árslok og þróun

6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili


Rekstrarjöfnuður 2012-2014 var jákvæður um 11 milljarða kr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Viðmið um jafnvægi í rekstri eru skilgreind nánar í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur eru undanskilin við útreikning á rekstrarjöfnuði í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Rekstrarjöfnuður Reykjavíkurborgar 2012-2014 var jákvæður um 10.694 millj. kr. Gangi fyrirliggjandi áætlanir eftir verður rekstrarjöfnuður A og B hluta sveitarfélagsins jákvæður á næstu árum.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og hins vegar fyrir samantekinn A og B hluta með og án reikningsskila Orkuveitu Reykjavíkur. Árin 2012, 2013 og 2014 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2015 til 2019 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í millj. kr.



6.6 Framlegðarhlutfall

Framlegðarhlutfall 2014

1% í A hluta


22% í A og B hluta

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.

Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2015 til 2019 í samræmi við áætlaðar niðurstöður í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Framlegðarhlutfall



Til A hluta sveitarfélagsins teljast Aðalsjóður, Eigna- sjóður og Bílastæðasjóður

7.1.1 Aðalsjóður

- Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu leyti fjármögnuð af skatttekjum.
- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 7.123 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Eigið fé Aðalsjóðs í árlök var 51.735 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins.
- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var neikvæð um 11.144 millj. kr. og fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 4.021 millj. kr.

7.1.2 Eignasjóður

- Rekstur Eignasjóðs Reykjavíkurborgar hófst í ársbyrjun 2002 þegar reikningskilaaðferðum sveitarfélaga var breytt.
- Meginhlutverk Eignasjóðs er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn leigu sem endurspeglar raunkostnað þar sem stofnkostnaði einstakra eigna er dreift á endingartíma þeirra. Þar með er leigutekjum ætlað að standa undir rekstrarkostnaði Eignasjóðs þegar til lengri tíma er litið.
- Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 4.105 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Eigið fé í árlök 2014 var 35.138 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi Eignasjóðs.
- Mikilvægt er að á hverjum tíma sé eftirlit haft með því að leigufjárhæðir endurspegli á hverjum tíma raunkostnað við rekstur eignanna.

7.1.3 Bílastæðasjóður

- Í samræmi við samþykkt borgarráðs telst starfsemi Bílastæðasjóðs Reykjavíkur til A hluta frá og með 1. janúar 2014 en taldist áður til B hluta.
- Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 188 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Eigið fé Bílastæðasjóðs í árlök var 1.808 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins.



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.1 Faxaflóahafnir sf.

- Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 644 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014.
- Rekstrartekjur Faxaflóahafna hækkuðu um 206 millj. kr., eða 7,2% samanborið við fyrra ár. Við samanburð milli ára þarf þó að taka tillit til þess að á árinu 2014 var tekjufærður söluhagnaður lóða að fjárhæð 52 millj. kr. Rekstrartekjur hækkuðu um 147 millj. kr., eða 5,2% milli ára að teknu tilliti til söluhagnaðarins.
- Hækkun á rekstrartekjum skýrist fyrst og fremst af aukinni skipaumferð, vöruflutningum um hafnir og fjölgun í komu stærri skemmtiferðaskipa og aukinni lóðarleigu
- Rekstrargjöld hækkuðu um 157 millj. kr., eða 7,0% samanborið við fyrra ár og skýrist aðallega af aukinni viðhaldsþörf mannvirkja og aukins kostnaðar vegna viðhalds gatna.
- Lækkun á fjármagnsgjöldum skýrist að mestu af lækkandi höfuðstól langtímalána og lægri verðbólgu á árinu.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 13.217 millj. kr. í árslok 2014 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 11.699 millj. kr.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 11.804 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2014 var 89,3% samanborið við 86,4% árið áður.
- Eignarhluti sveitarfélagsins í Faxaflóahöfnum sf. í árslok 2014 nemur 75,6%

Faxaflóahafnir sf.

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 3.048.729 | 2.842.895 | 7,2% |
| Rekstrargjöld | (2.404.352) | (2.246.886) | 7,0% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 55 | (8.385) | |
| Rekstrarniðurstaða | <u>644.432</u> | <u>587.624</u> | |



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.2 Félagsbústaðir hf.

- Tilgangur félagsins er m.a. rekstur og útleiga á félagslegum íbúðum.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 4.713 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Rekstrarniðurstaða án áhrifa matsbreytinga fjárfestingaeigna var jákvæð um 285 millj. kr. á árinu 2014 en var árið áður neikvæð um 292 millj. kr.
- Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2014 námu rekstrartekjur félagsins 3.078 millj. kr. en voru 2.958 millj. kr. árið áður og hafa því hækkað um 4,1%. Leigutekjur hækka á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs nú síðast í október 2014. Frá því í október 2013 til október 2014 hefur vísitalan hækkað um 2,2%. Hækkun húsaleigutekna skýrist því meðal annars af því að húsaleigan breytist í samræmi við vísitölu og hins vegar af betri nýtingu íbúða í leigu frá fyrra ári.
- Lækkun á fjármagnsgjöldum skýrist að mestu af lægri verbólgu á árinu.
- Matshækkun fjárfestingaeigna á árinu 2014 nam 4.461 millj. kr. sem er um 11% hækkun. Til lækkunar á tekjufærslunni er fært sölutap að fjárhæð 32 millj. kr.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 47.291 millj. kr. í árslok 2014 þar af námu fjárfestingaeignir 46.965 millj. kr.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 17.418 millj. kr. en þar af nam hlutafé 2.535 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið í árslok 2014 var 36,8% samanborið við 30,1% árið áður.
- Félagið er að fullu í eigu sveitarfélagsins.

Félagsbústaðir hf.

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 3.078.482 | 2.958.375 | 4,1% |
| Rekstrargjöld | (1.545.526) | (1.501.691) | 2,9% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (1.248.145) | (1.748.402) | (28,6%) |
| Áhrif fjárfestingareigna | 4.428.434 | 1.898.108 | 133,3% |
| Rekstrarniðurstaða | <u>4.713.245</u> | <u>1.606.390</u> | |



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttá og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.3 Íþróttá- og sýningahöllin hf.

- Ársreikningur félagsins inniheldur samstæðu Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf. og dótturfélags þess Fasteigna- félagsins Laugardalur ehf.
- Tilgangur samstæðunnar er rekstur fjölnota íþróttá- og sýningarhúss í Laugardal auk rekstur Laugardalshallar.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 68 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014, en var árið áður neikvæð um 122 millj. kr.
- Í janúar 2014 endurfjármagnaði félagið langtímalán og greiddi upp lán við Íslandsbanka hf. með nýju láni að fjárhæð 2.040 millj. kr. til 35 ára.
- Félagið fékk endurgreiddar 172 millj. kr. frá Íslandsbanka hf. vegna ólögmætra lána og frá SP fjármögnun hf. 13 millj. kr. vegna fjármögnunarleigusamnings. Félagið er að láta vinna greinagerð og endurútreikninga vegna fleiri lánasamninga við Íslandsbanka en óvíst er hver endanleg fjárhæð þeirrar endurkröfu verður.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 2.889 millj. kr. í árslok 2014 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 2.539 millj. kr. eða 87,9% af heildareignum félagsins. Fasteign félagsins er færð á gangvirði, en endurmat í árslok leiddi til hækkunar um 118 millj. kr. Endurmat er fært til hækkunar á eigin fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 667 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið í árslok 2014 var 23,1% samanborið við 19,2% árið áður.
- Félagið er í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins.

Íþróttá- og sýningahöllin hf.

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 344.632 | 326.504 | 5,6% |
| Rekstrargjöld | (334.868) | (321.827) | 4,1% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 75.037 | (157.277) | (147,7%) |
| Tekjuskattur | (16.968) | 30.512 | |
| Rekstrarniðurstaða | <u>67.832</u> | <u>(122.087)</u> | |

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttá og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.4 Malbikunarstöðin Höfði hf.

- Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla, útlagning og sala á malbiki og steinefnum til vegagerðar.
- Rekstramiðurstaða var jákvæð um 18 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014, en var neikvæð á árinu 2013 um 30 millj. kr.
- Rekstrartekjur félagsins hækkuðu um 122 millj. kr., eða 10,7% samanborið við fyrra ár. Hækkunin skýrist af aukinni framleiðslu á malbiki, en á árinu 2014 nam framleiðsla malbiks 59.800 tonnum samanborið við 53.193 tonn árið áður.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 51 millj. kr., eða 4,4% samanborið við fyrra ár, aðallega vegna aukins kostnaðar við framleiðslu malbiks.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 1.097 millj. kr. í árslok 2014 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 523 millj. kr. eða 47,7% af heildareignum félagsins.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 937 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2014 var 85,4% samanborið við 75,3% árið áður.
- Félagið er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar og Aflvaka hf., en 1% eignarhluti er í eigu Aflvaka hf.

Malbikunarstöðin Höfði hf.

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 1.259.220 | 1.137.576 | 10,7% |
| Rekstrargjöld | (1.227.404) | (1.176.131) | 4,4% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (8.904) | (467) | |
| Tekjuskattur | (5.216) | 8.588 | |
| Rekstramiðurstaða | <u>17.697</u> | <u>(30.434)</u> | |



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Ípróttá og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.5 Orkuveita Reykjavíkur

- Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélag þess. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 8.871 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014, en niðurstaðan árið 2013 var jákvæð um 3.350 millj. kr.
- Rekstrartekjur lækka frá fyrra ári um 684 millj. kr. Til lækkunar á tekjum 2014 var færð afskrift á kröfu vegna samkomulags við Norðurál að fjárhæð um 500 millj. kr. Meðal tekna á árinu 2013 er 622 millj. kr. söluhagnaður vegna sölu á höfuðstöðvum.
- Rekstrargjöld hækka um 3,5% aðallega vegna hækkunar launakostanaðar.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur lækka um 1.417 millj. kr. sem skýrist af 10.875 millj. kr. lægri gjaldfærslu gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiðna og 9.825 millj. kr. lækkun á jákvæðum gengismun að teknu tilliti til áhættuvarna. Vaxtagjöld lækka um 1.734 millj. kr. meðal annars vegna lækkun lána.
- Gjaldfærður tekjuskattur er 5.568 millj. kr. lægri en árið áður. Meginástæðan fyrir því er 6.587 millj. kr. gjaldfærsla á tekjuskatti í rekstrarreikningi 2013 vegna uppskiptingar fyrirtækisins þar sem hluti af skattaletgi tapi var flutt yfir í ný félög með lægra skatthlutfall eða 20% í stað 36%.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir fyrirtækisins 299.330 millj. kr. í árslok 2014, en þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 265.929 millj. kr.
- Eigið fé fyrirtækisins í árslok nam 99.410 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2014 var 33,2% samanborið við 28,6% árið áður.
- Eignarhluti sveitarfélagsins í fyrirtækinu nemur 93,5%.

Orkuveita Reykjavíkur

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 38.525.887 | 39.209.438 | (1,7%) |
| Rekstrargjöld | (22.833.355) | (22.053.129) | 3,5% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (4.817.821) | (6.234.594) | (22,7%) |
| Tekjuskattur | (2.004.170) | (7.571.959) | (73,5%) |
| Rekstrarniðurstaða | <u>8.870.541</u> | <u>3.349.756</u> | |



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.6 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

- Ársreikningurinn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) hefur að geyma samstæðureikning SHS, og dótturfélaganna SHS fasteigna og Almanna- og Almannavarna höfuðborgarsvæðisins.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014, en var neikvæð á árinu 2013 um 13 millj. kr.
- Rekstrartekjur SHS hækkuðu um 119 millj. kr., eða 5,9% samanborið við fyrra ár. Tekjur frá eigendum og framlag í fjárfestingasjóð hækkaði samtals um 173 millj. kr. Tekjur vegna sjúkraflutninga lækkuðu um 46 millj. kr. frá árinu 2013 og voru talvert undir. Lækkun milli ára vegna sjúkraflutninga skýrist af áhrifum lokauppgjörðs vegna sjúkraflutninga við ríkissjóð.
- Í nýjum samningi við ríkið um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu sem undirritaður var 7. nóvember 2014 var gerð upp krafa SHS á ríkið vegna árána 2012 og 2013. Greiddar voru 420 millj. kr. en í ársreikningi 2013 voru eignfærð krafa að fjárhæð 366 millj. kr.
- Rekstrargjöld hækka um 5,1% aðallega vegna hækkunar launakostanaðar.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 2.396 millj. kr. í árslok 2014, en þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 1.992 millj. kr. eða 83,1%.
- Eigið fé SHS í árslok nam 1.303 millj. kr. Á árinu var stofnfé aukið um 250 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2014 var 54,4% samanborið við 45,9% árið áður.
- Eignarhluti sveitarfélagsins í stofnfé SHS nemur 60,8%.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 2.138.047 | 2.019.078 | 5,9% |
| Rekstrargjöld | (2.088.919) | (1.987.380) | 5,1% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (35.587) | (31.910) | 11,5% |
| Tekjuskattur | (10.421) | (12.442) | (16,2%) |
| Rekstrarniðurstaða | <u>3.120</u> | <u>(12.653)</u> | |



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.7 Sorpa bs.

- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 197 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014, en var jákvæð um 97 millj. kr. árið 2013.
- Rekstrartekjur Sorpu hækkuðu um 292 millj. kr., eða 12,0% samanborið við fyrra ár. Tekjur „Góða hirðisins“ jukust, tekjur af sölu endurvinnsluafna voru hærrí og magn úrgangs jókst á milli ára.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 250 millj. kr., eða 10,8% samanborið við fyrra ár aðallega vegna aukins úrgangsmagns og meiri umsvífa „Góða hirðisins“.
- Á meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda eru á árinu 2014 tekjufærðar 50 millj. kr. vegna endurútreiknings gengistryggðra lána.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 2.307 millj. kr. í árslok 2014 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 1.358 millj. kr. eða 58,9%.
- Eigið fé í árslok nam 1.358 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2014 var 58,9% samanborið við 59,1% árið áður.
- Reikningsskilaaðferð endurvinnslustöðva var breytt á árinu. Stofnfé endurvinnslustöðva er færð út, endurvinnslustöðvar eru afskrifaðar og færð er upp skuldbinding sem nemur bókfærðu verði endurvinnslustöðvanna. Á móti lánum sem tekin eru vegna endurvinnslustöðva er færð krafa á sveitarfélögin. Krafan er nettuð á móti skuldbindingunni til að þenja ekki út efnahagsreikninginn.
- Sorpa á 100% eignarhlut í Metan ehf. Sorpa hefur ekki gert samstæðureikningsskil þar sem eignarhluturinn hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samlagsins, en við slíkar aðstæður er heimilt skv. lögum nr. 3/2006 um ársreikninga að halda dótturfélagi utan samstæðu.

Sorpa bs.

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 2.721.413 | 2.429.393 | 12,0% |
| Rekstrargjöld | (2.575.242) | (2.324.971) | 10,8% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | <u>50.449</u> | <u>(7.756)</u> | |
| Rekstrarniðurstaða | <u>196.620</u> | <u>96.666</u> | |

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.8 Strætó bs.

- Tilgangur Strætó bs. er að sjá um almenningssamgöngur.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð á árinu 2014 um 370 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi, en var jákvæð um 496 millj. kr. árið áður.
- Rekstrartekjur hækkuðu um 88 millj. kr. eða 1,7% samanborið við fyrra ár. Fargjaldtekjur og rekstrarframlög hækkuðu um samtals 166 millj. kr. en á móti lækkaði framlag ríkissjóðs um 81 millj. kr. frá fyrra ári.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 178 millj. kr. eða 3,8% samanborið við fyrra ár, aðallega vegna hærri kostnaðar vegna aukningar á akstri og hækkunar launa.
- Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda á árinu 2013 voru tekjufærðar 50 millj. kr. vegna endurútreiknings erlends láns.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 2.534 millj. kr. í árslok 2014 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 1.420 millj. kr. eða 56,0%. Eigið fé Strætó bs. í árslok nam 1.684 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2014 var 66,4% samanborið við 60,0% árið áður.
- Á árinu 2014 sá Strætó um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og skólaakstur fyrir fötluð börn fyrir Reykjavíkurborg. Rekstri ferðaþjónustu fatlaðra er haldið aðgreindum í sérstakri deildarskiptingu í bókhaldinu en í ársreikningi er hins vegar tekjum og gjöldum jafnað saman. Rekstur ferðaþjónustunnar kemur því ekki fram í rekstrarreikningi Strætó. Við viljum benda á að almennt er ekki æskilegt að jafna saman tekjum og gjöldum með þessum hætti við gerð ársreiknings þar sem rekstrarreikningurinn endurspeglar þá ekki þennan þátt í starfsemi Strætó. Tekjur fyrir þennan þátt starfseminnar nema 1.031 millj. kr. og beinn kostnaður 1.013 millj. kr.

Strætó bs.

| | Ársreikningur 2014 | Ársreikningur 2013 | Breyting milli ára |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur | 5.225.704 | 5.138.138 | 1,7% |
| Rekstrargjöld | (4.859.325) | (4.681.649) | 3,8% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 3.708 | 39.716 | |
| Rekstrarniðurstaða | 370.087 | 496.205 | |



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.9 Önnur B hluta fyrirtæki

7.2.9.1 Jörundur ehf.

- Rekstrartekjur námu 66 millj. kr. og rekstrarniðurstaða var neikvæð um 34 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 1.316 millj. kr. í árslok 2014, þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 1.294 millj. kr. eða 98,3%. Fjárfesting á árinu nam 76 millj. kr. Eigið fé í árslok var neikvætt um 39 millj. kr.
- Félagið á og leigir út fasteignir. Reykjavíkurborg er eigandi alls hlutafjár félagsins.
- Stjórn félagsins hefur ekki afgreitt ársreikninginn, en unnið er að mati á verðmæti fasteigna félagsins.

7.2.9.2 Aflvaki ehf.

- Félagið seldi á árinu hlutabréf í Tæknigarði ehf. Að öðru leyti var engin starfsemi hjá félaginu á árinu og engir starfsmenn.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014.
- Heildareignir nema 11 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt um 11 millj. kr., en félagið er skuldlaust.
- Félagið er í eigu Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafna sf.



Fjárhagsáætlanir eru
mikilvægt stjórnþæki

Stefna stjórnenda kemur
fram í áætlunum

7.3.1 Fjárhagsáætlanir og viðaukar við þær

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára. Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlunum sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs. Í kafla 3 hér að framan er litið til samþættingar rauntalna 2014 við fjárhagsáætlun 2014.
- Borgarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2018 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um og raunar einnig til ársins 2019.
- Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er óheimilt að víkja frá fjárhagsáætlun sveitarfélags nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina og á það bæði við áætlun A hluta og B hluta. Sé tekin ákvörðun um að stofna til útgjalda eða um aðrar fjárhagslegar ráðstafanir umfram áður samþykktar heimildir í fjárhagsáætlun er mikilvægt að samhliða þeirri ákvörðun sé gerður viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við ákvörðunina. Í viðauka skal fjárheimilda aflað og ennfremur ákvarðað hvernig útgjöldunum skuli mætt og útfærðar aðrar viðeigandi breytingar vegna liða áætlunarinnar sem ákvörðunin tengist. Þetta á jafnt við um breytingar sem snúa að áætlun rekstrar, fjárfestingu, lántöku eða öðrum atriðum sem hafa áhrif á rekstur eða sjóðstreymi sveitarfélagsins.
- Óhjákvæmilegt getur verið að gera viðauka við áætlun innan ársins og á það bæði við áætlun A hluta og áætlun B hluta fyrirtækja. Gæta þarf þess að ef slíkir viðaukar eru samþykktir að bókanir í fundargerðum borgarstjórnar vegna þeirra séu skýrar og fram komi hvernig mæta eigi viðaukum um aukin útgjöld. Ekki verður betur séð en vel hafi verið haldið utan um þá viðauka sem gerðir voru á áætlun fyrir árið 2014, en ekki voru gerðir viðaukar við áætlun B hluta fyrirtækja.

7.3.2 Fjárhagsáætlun 2015

- Samkvæmt fjárhagsáætlun 2015 er gert ráð fyrir veltufé frá rekstri A og B hluta nemi 30 milljörðum kr. og handbært fé frá rekstri nemi 25 milljörðum kr. Gert er ráð 21 milljarðs kr. fjárfestingu á árinu 2015. Samkvæmt þessu verða um 4 milljarðar kr. af veltufé frá rekstri ársins til ráðstöfunar fyrir afborganir af lánum á árinu.
- Afborganir af langtímalánum og leiguskuldum á árinu 2015 eru samkvæmt ársreikningi 2014 (og í áætlun 2015) áætlaðar samtals 21 milljarður kr. og skammtímalán við lánastofnanir nema 2 milljörðum kr. Í áætlun A og B hluta er gert ráð fyrir 14 milljarða kr. fjármagni með nýrri lántöku á árinu 2015 og 2 milljarða kr. annarri fjármögnun samstæðunnar.
- Handbært fé og bundnar bankainnstæður í árslok 2014 eru samtals 23 milljarðar kr. Gangi fjárhagsáætlun 2015 eftir lækkar handbært fé um 1 milljarð kr. að því gefnu að því verði ekki ráðstafað til uppgreiðslu skammtímaláns.

7.3.3 Fjárhagsáætlun 2015 - 2019

- Langtímaáætlun sveitarfélagsins liggur fyrir bæði á föstu verðlagi og miðað við breytilegt verðlag. Samkvæmt áætlun á föstu verðlagi er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri A og B hluta á þessu fimm ára tímabili nemi samtals 146 milljörðum kr. Að meðaltali eru það um 29 milljarðar kr. á ári sem yrði sambærileg niðurstaða og samkvæmt ársreikningum 2013 og 2014.
- Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að ný lántaka á tímabilinu nemi samtals 42 milljörðum kr., önnur fjármögnun nemi 7 milljörðum kr., en afborganir af lánum nemi samtals 97 milljörðum kr.
- Nettó fjárfestingarhreyfingar þessa tímabils samkvæmt áætluninni nema samtals 87 milljörðum kr.
- Reiknað er með að handbært fé frá rekstri á tímabilinu verði nýtt til fjárfestinga og afborgana lána umfram það sem fjármagnað verður með lántökum á tímabilinu. Gangi áætlunin að fullu eftir verður handbært fé í lok tímabilsins 11 milljörðum kr. hærra en í árslok 2014.

| | Atriði | Umfjöllun |
|---|---|---|
| 1 | Sviksemi | Við höfum rætt við stjórnendur um hvort þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur hafa upplýst okkur um að þeir hafi ekki orðið varir við neitt sem hefur veruleg áhrif á ársreikninginn. Engar vísbendingar um sviksemi komu í ljós í endurskoðunarvinnu okkar. |
| 2 | Kröfur og málaferli | Við höfum spurt stjórnendur hvort þeir eigi von á málaferlum á hendur sveitarfélaginu. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki vitneskju um nein málaferli umfram það sem greint er frá í ársreikningnum sem veruleg áhrif gætu haft á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Einnig höfum við aflað staðfestinga frá lögmönnum sveitarfélagsins og hafa þeir staðfest að engin önnur mál séu í gangi sem hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. |
| 3 | Viðskipti við tengda aðila | Við höfum farið yfir viðskipti við tengda aðila. Stjórnendur hafa staðfest að eðlilega sé greint frá viðskiptum við tengda aðila í ársreikningi og að ekki séu önnur viðskipti til staðar en þau sem þar er gerð grein fyrir. |
| 4 | Rekstrarhæfi | Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu vísbendingar um að vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins næstu 12 mánuði. Við höfum farið yfir fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins til næstu ára. Í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga teljum við mat stjórnenda, á því að sveitarfélagið sé rekstrarhæft næstu 12 mánuði, raunhæft. |
| 5 | Staðfestingabréf stjórnenda – óleiðréttir mismunir | Í tengslum við endurskoðunina fáum við staðfestingabréf frá stjórnendum þar sem þeir staðfesta að þeir hafi upplýst okkur um öll málefni er gætu haft áhrif á ársreikninginn. Þeim er ekki kunnugt um óleiðréttar skekkjur í ársreikningi sem gætu haft, hver um sig eða samanlagt, veruleg áhrif á ársreikninginn í heild. |
| 6 | Óhæði endurskoðanda | Við staðfestum hér með að við erum óháðir endurskoðendur gagnvart sveitarfélaginu eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um. |



cutting through complexity™

© 2015 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).